

Fundargerð

Aðalfundur Veiðifélags Bjarnarfjarðar 2007

Laugardaginn 24. febrúar 2007 kl 17:00 var haldinn aðalfundur í Veiðifélagi Bjarnarfjarðar að Laugarhóli, Bjarnarfirði.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar fyrir rekstrarárin 2003-2006.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Fjárhagsáætlun 2007.
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
6. Önnur mál
 - a. Breytingar á samþykktum félagsins.
 - b. Framtíðarfyrirkomulag veiði í ánni.
 - i. Tillaga að skiptingu veiðidaga.
 - ii. Tilboð frá Veiðifélaginu Framnesi ehf
 - iii. Tilboð um áframhaldandi leigu til Lax-ár ehf
 - c. Önnur mál, löglega upp borin.

Mættir eru eftirfarandi fulltrúar eigenda:

Kaldrananes I	Ingi Vífill
Kaldrananes II	Hörður Olavson
Framnes	Enginn (umboð til Harðar Olavsonar)
Bakki	Magnús Rafnsson
Hvammur	Enginn
Skarð	Jenný Jónsdóttir
Sunndalur	Kristinn Vermundsson
Goðdalur	Páll Gunnlaugsson (með umboð frá Gunnlaugi Pálssyni)
Svanshóll	Ólafur Ingimundarson
Oddi	Þórdís Loftsdóttir
Klúka	Jenný Jensdóttir
Ásmundarnes	Halldór og Birgir Guðmundssynir

Til fundarins var löglega boðað og telst þess vegna löglegur. Mætt er fyrir um 93% atkvæða.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar.
2. Formaður fór yfir og skýrði reikninga fyrir árin 2003-2006. Að loknum stuttum umræðum voru reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.
3. Fjárhagsáætlun 2007 var lögð fram sem tillaga, með fyrirvara um að það liggur fyrir fundinum að taka ákvarðanir sem veruleg áhrif geta haft á rekstrarkostnað og tekjur ársins. Tillagan var rædd og samþykkt með sama fyrirvara.

4. Önnur mál:

- a. Lagðar voru fram tillögur að nýjum samþykktum til samræmis við ný lög og reglugerð um Lax- og silungsveiði. Nýjar samþykktir voru samþykktar af fundinum.
- b. Magnús Rafnsson leggur fram að eftirfarandi tillaga verði samþykkt: “Félagsfundur í Veiðifélagi Bjarnarfjarðarár 24. febrúar, 2007 hefur ákveðið að skipta veiðidögum á milli eigenda í sama hlutfalli og arðskrá segir til um. Stjórn félagsins er falið að útfæra nánar fyrirkomulag skiptingar og setja reglur um veiðina og leggja fyrir félagsfund í síðasta lagi 30. apríl 2007 til endanlegs samþykkis.”
- c. Lagt var fram tilboð frá Veiðifélaginu Framnesi ehf um leigu á ánni. Tilboðið kom ekki til atkvæðagreiðslu þar sem búið var að samþykkja tillögu Magnúsar.
- d. Formaður lagði fram ósk Lax-ár ehf um áframhaldandi leigu árinna. Verð yrði þá um 740.000 á ári. Tilboðið kom ekki til atkvæðagreiðslu þar sem búið var að samþykkja tillögu Magnúsar.

5. Stjórnarkjör

- a. Hörður Olavson Kaldrananesi II, Magnús Rafnsson, Bakka og Gunnlaugur Pálsson, Goðdal voru kjörnir í stjórn félagsins.
- b. Varamenn voru kosnir Ingi Vífill Ingimarsson Kaldrananesi I, Páll Gunnlaugsson, Goðdal og Ólafur Ingimundarson, Svanshóli.
- c. Skoðunarmenn voru kosnir Jenný Jensdóttir og Jóhann Karl Einarsson, Hvammi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.